

Nd.

687. Breytingartillögur

[9. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 11. gr.
 - a) 1. málgr. orðist svo:

Fræðsluráð skal skipað sjö mönnum, og skulu fimm kjörnir af viðkomandi landshlutasamtökum, einn af skólastjórum og einn af kennarasamtökum landshlutans. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu fer samkvæmt lögum og reglugerð um starfshætti landshlutasamtaka sveitarfélaga, svo og eftir reglugerð. Fræðsluráð kys sér formann og varaformann.
 - b) 2. málgr. orðist svo:

Í Reykjavík fer borgarstjórn með hlutverk landshlutasamtaka skv. lögum þessum, eftir því sem við á.
 - c) Í síðustu málgr. falli niður orðin „utan Reykjavíkur“.
2. Við 18. gr. 6. málgr. orðist svo:

Í kaupstöðum með 10 000 íbúa eða fleiri fara fræðsluráð og hverfisnefndir með hlutverk skólanefndar. Viðkomandi bæjar- eða borgarstjórn skiptir kaupstaðnum í hverfi í samráði við fræðsluráð. Í hverju hverfi skal vera hverfisnefnd, skipuð 5 mönnum. Hverfisnefnd skal kosin til fjögurra ára í senn af bæjar- eða borgarstjórn. Verkefni hverfisnefnda skulu vera hin sömu og þau verkefni skólanefnda, sem talin eru í 19. gr. Um starfshætti hverfisnefnda, boðun funda, kosningu og fjölda kennarafulltrúa og rétt skólastjóra til setu á hverfisnefndafundum gilda að öllu leyti sömu ákvæði og um skólanefndir.
3. Við 29. gr. Niður falli úr 2. mgr. orðin „sem menntamálaráðuneytið kynni að ákveða, svo sem til námskeiðahalds, framkvæmdar á lögum um orlof húsmæðra o. fl.“, en í staðinn komi: samkvæmt lögum.
4. Við 36. gr. Greinin orðist svo:

Þegar kennari nær 55 ára aldri, minnkar kennsluskylda hans um $\frac{1}{6}$, og er hann nær 60 ára aldri, minnkar kennsluskylda hans enn um $\frac{1}{6}$ af fullri kennsluskyldu.

Til þess að öðlast þennan rétt þarf 28 ára kennsluferil.
5. Við 54. gr. Næstsíðasta málsgrein orðist svo:

Fræðslustjóri leggur þá málið fyrir sálfræðisþjónustuna, og tekur hún við meðferð málsins, sbr. 67. gr.
6. Við 57. gr. Greinin orðist svo:

Próf í grunnskóla skulu að jafnaði framkvæmd af kennurum skólans, sbr. þó 58. gr. Kennarar skulu gefa einkunnir í lok hvers skólaárs eða námsáfanga. Einkunnir skulu færðar í prófbók skólans og í einkunnabækur nemenda.
7. Við 73. gr. Á eftir 1. málgr. komi ný málgr., svo hljóðandi:

Sé heilsugæslustöð í námunda við grunnskóla, er heimilt að fela henni að annast heilsuvernd nemenda, skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 56/1973,